



# Opíð fyrir umsóknir um styrkvegi

umsóknarfrestur er til 15. apríl í ár

1.3.2012

Vegagerðinni er heimilt samkvæmt vegalögum að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt sömu lögum, svo kallaða styrkvegi. Heimilt er að styrkja til dæmis vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki teljast þjóðvegir, vegi að bryggjum, að skíðasvæðum, að leitarmannaskálum, ferðamannastöðum o.s.frv.

Rafrænt umsóknareyðublað er að finna hér í fréttinni en einnig á vefnum með því að fara í "Umsóknir og leyfi" flipann hér fyrir ofan, þar er síðan að finna annan flipa "Umsókn um styrkveg". Vinsamlega lesið skilmálana.

Vegagerðin auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til samgönguleiða samkvæmt nefndri lagagrein og 4. gr. reglna nr. 1155/2011 um þetta efni. Umsókn um styrk skal senda til starfsstöðvar Vegagerðarinnar (Selfoss, Borgarnes, Akureyri, Reyðarfjörður) á því svæði þar sem viðkomandi framkvæmd er fyrirhuguð. **Umsóknum skal skilað eigi síðar en 15. apríl 2012.**

## Umsókn um styrk til samgönguleiðar (styrkvegir)

Skv. vegalögum nr. 80/2007 er heimilt að ákveða fjárveitingu í vegáætlun til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega skv. lögnum. Heimilt er að veita styrki til eftirfarandi samgönguleiða skv. [reglum nr. 1155/2011](#):

1. vega yfir fjöll og heiðar sem ekki teljast þjóðvegir;
2. vega að bryggjum;
3. vega að skíðasvæðum;
4. vega að skipbrotsmannaskýlum;
5. vega að fjallskilaréttum;
6. vega að leitarmannaskálum;
7. vega að fjallaskálum;
8. vega innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða;
9. vega að ferðamannastöðum;
10. vega að flugvöllum og lendingarstöðum sem ekki eru áætlunarflugvellir, en taldir eru upp í samgönguáætlun.

Umsækjandi skal leggja fram greinargóða lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd sem felur m.a. í sér upplýsingar um staðsetningu og notkun vegar, áætlaðan kostnað og aðra fjármögnun verksins.

Umsækjandi hverju sinni skal vera veghaldari þeirrar samgönguleiðar sem nýtur styrks. Er honum skylt að sjá um merkingar vegar og aðra þá þætti er falla undir veghald, sbr. ákvæði vegalaga.

Athygli er vakin á því að samgönguleiðir sem njóta styrkja samkvæmt heimild í vegalögum skulu opnar allri almennri umferð.

Vegagerðin gerir tillögu um afgreiðslu styrkveitinga til ráðherra. Rétt er að vekja athygli á því að



styrkir á grundvelli umsókna sem fengið hafa samþykki ráðherra skuli ekki afgreiddir fyrr en framkvæmd hefur verið tekin út án athugasemda og framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi liggur fyrir ef þess gerist þörf.

Sé umsókn hafnað er sú ákvörðun ekki kæranleg á grundvelli stjórnsýslulaga.

Umsókn um styrk skal beina til Vegagerðarinnar en stofnunin auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki. Hægt er að [fylla út umsókn rafrænt hér](#) eða nálgast umsóknareyðublað á næstu þjónustustöð Vegagerðarinnar.

Einnig er hægt að [prenta eyðublaðið út](#) til útfyllingar og senda það síðan til Vegagerðarinnar.

---

[1777](#) Upplýsingaþjónusta [1779](#) Færð og veður - símsvari

### Vegagerðin

Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík | Kt. 680269-2899 | [Sími 522 1000](#) | [vegagerdin \(hjá\) vegagerdin.is](#)